




Verið velkomin til Alan R. Moon's Ticket to Ride USA 1910 – viðbót við hið vinsæla borðspil Ticket to Ride®.

Pessi sláandi einfalda viðbót mun í grundvallaratriðum breyta öllum leikaðferðum ykkar; kemur jafnvel reyndustu lestarferðalöngum á óvart og færir fjölskyldum ykkar og vinum hundruð klukkustundir af skemmtun. Svo hoppið um borð og undirbúið ykkur til að upplifa... alveg nýtt ferðalag!

ÞESSI VIÐBÓT INNIHELDUR:

- 35 nýja lestartarmiða (með 1910 merkinu í ofanverðu hægra horninu).
- Nýtt 15 stiga heimshornaflakkara (*Globetrotter*) bónusspil fyrir þann sem kláraði flesta lestartarmiðana.
- Endurprentuð spilin úr upprunalega spilinu í stærra prentsniði, þar á meðal:
 - 30 venjulega lestartarmiða (grár bakgrunnur), m. a. fjórar leiðir þar sem virði þeirra var lækkað.
 - 4 langar leiðir frá löngu uppseldu Mystery Train viðbótinni, sem gefin var upprunalega út fyrir 2004 Essen-spilasýninguna.
 - 110 lestarvagnaspil
 - 1 bónusspil fyrir lengstu óslitnu leiðina.



USA 1910 viðbótin býður upp á þrjár nýjar aðferðir til að spila Ticket to Ride spilið til viðbótar við hefðbundnu leikaðferðina sem er lýst í reglubæklingnum með upprunalega leiknum.

1910


Spilið eftir hefðbundnu reglum en notið aðeins nýju lestartarmiðana, með 1910 merkinu í ofanverðu hægra horninu, í stað spilanna úr upprunalegu útgáfunni. Skiptið bónusspilinu fyrir lengstu óslitnu leiðina út fyrir nýja heimshornaflakkraspilið (*Globetrotter*) – flestir kláraðir lestartarmiðar bónusspilið.

RISA SPILIÐ

Bæði bónusspilin eru með í leiknum. Stokkið alla 69 lestartarmiðana. Í byrjun leiksins fær hver spilari fimm miða, af þeim verður hann að halda minnst þremur miðum (en allt upp í fimm ef hann þorir!). Eftir að leikurinn byrjar skal spilari, þegar hann velur að draga nýja miða, draga fjóra miða en halda minnst einum þeirra. Þeim miðum sem er skilað eru ávallt settir neðst í lestartarmiðabunkann.

STÓRBORGIRNAR

Spilið með öllum lestartarmiðunum sem eru með minnst einni stórborg (borgir á miðum sem eru litaðar með rauðu). Stórborgirnar eru Chicago, Dallas, Houston, Los Angeles, Miami, New York og Seattle. Það eru til 35 slíkir lestartarmiðar, 15 frá upprunalega spilinu og 20 úr þessari viðbót, þar á meðal einn frá Mystery Train viðbótinni.



Í byrjun leiksins skal stokka alla stórborgarlestartarmiðana og hver spilari fær 4 miða, af þeim verður hann að halda minnst tveimur (eða fleiri ef hann er nógu kjarkaður!). Eftir að leikurinn byrjar skal spilari, þegar hann velur að draga nýja miða, draga fjóra miða en halda minnst einum þeirra. Þeim miðum sem er skilað eru ávallt settir neðst í lestartarmiðabunkann.